

Stj. tíð.B,nr.658/1996

Auglýsing um stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall

Að tillögu umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að landsvæði umhverfis friðlandið við Ástjörn og Ásfjall verði lýst fólkvangur, með skírskotun til 26. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Mörk svæðisins eru:

að vestan: Ípróttá- og útivistarsvæði Knattspyrnufélagsins Hauka, að norðan: Stekkur og framtíðaríbúðarbyggð, að austan: Austurhlíð Ásfjalls, og að sunnan: Grísanes.

Hnit svæðisins eru: (23516,25;7717,11) (23471,5;7702,5) (23118;7800) (22860;7600) (22560;7564) (22450;7800) (22368;7755) (22417;7247) (23150;7020) (23535;7075) (23974,51;7208,13) (23523,69;7670,64).

Eftirfarandi reglur gilda um fólkvanginn:

1. Gangandi fólki er frjálst umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.
2. Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum.
3. Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.
4. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins.
5. Lausaganga hunda er bönnuð í fólkvanginum
6. Losun alls sorps og úrgangs er bönnuð innan fólkvangsins.
7. Losun mengandi efna á vatnasviði Ástjarnar er óheimil. Settar verði sérstakar reglur um áburðarnotkun hjá gróðrarstöðinni.
8. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu.
9. Mannvirkjagerð skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag. Önnur mannvirkjagerð er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].
10. Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar fer með stjórn og eftirlit með fólkvanginum.
11. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og [Umhverfisstofnunar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Ráðneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytið, 13. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson